

**55. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
þriðjudaginn 23. september 2008, kl. 16:15.**

Formaður bæjarráðs, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar Byggðasamlags um menningar og atvinnumál frá 31. júlí 2008
 2. Erindi frá Stúdentaráði Háskóla Íslands dags. 12. september 2008
 3. Erindi frá Strætó bs. dags. 17. september 2008
 4. Erindi frá Jónasi Skaftasyni dags. 4. september 2008
 5. Trúnaðarmál
 6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 28. ágúst 2008
 7. Kveðja frá Þórði Skúlasyni dags. 1. september 2008
 8. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál frá 31. júlí 2008
Lögð fram til kynningar.
2. Erindi frá Stúdentaráði Háskóla Íslands dags. 12. september 2008
Stúdentaráð hvetur sveitarfélög á landsbyggðinni til að greiða strætókort fyrir nemendur sem kjósa að stunda nám á höfuðborgarsvæðinu.

Bæjarráð bókar eftirfarandi:

„Bæjarráð Blönduóssbæjar lýsir furðu sinni á því að mismuna eigi nemendum sem sækja í skóla á höfuðborgarsvæðinu eftir búsetu. Námsmenn búsettir á landsbyggðinni eiga oft engan annan kost en að sækja til höfuðborgarsvæðisins í nám. Höfuðborgarsvæðið hefur haft mikinn hag af því að fá alla þann fjölda nemenda til sín. Þess vegna er í hæsta máta óeðlilegt að sveitarfélög á landsbyggðinni þurfi að taka þátt í rekstri almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Bæjarráð bendir á þá staðreynd að sveitarfélög á landsbyggðinni sem bjóða upp á almenningsamgöngur hafa farið þá leið að bjóða námsmönnum ókeypis aðgang óháð búsetu.

3. Erindi frá Strætó bs. dags. 17. september 2008

Strætó bs. tilkynnir að öll sveitarfélög landsins geta nú keypt nemakort í strætó á höfuðborgarsvæðinu.

Bæjarráð bókar eftirfarandi:

Bæjarráð Blönduóssbæjar skorar á stjórn byggðasamlagsins Strætó bs. að veita framhalds- og háskólanemum sem stunda nám á höfuðborgarsvæðinu

og eiga lögheimili utan byggðasamlagsins sömu kjör og nemendum sem eiga lögheimili innan byggðasamlagsins. Framhalds- og háskólanemum utan af landi fylgja umtalsverðar tekjur fyrir höfuðborgarsvæðið og eiga oft engan annan kost en að sækja til höfuðborgarsvæðisins í nám. Þess vegna er það sanngirnismál að þeim sé ekki mismunað í gjaldtöku hjá Strætó bs.

4. Erindi frá Jónasi Skaftasyni dags. 4. september 2008

Erindi Jónasar Skaftasonar lagt fram. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

5. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók.

6. Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 28. ágúst 2008

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga skipaði á síðasta ári vinnuhóp til að vinna að stefnumótun sambandsins í málefnum innflytjenda. Tillögurnar lagðar fram til kynningar.

7. Kveðja frá Þórði Skúlasyni dags. 1. september 2008

Þórður Skúlason hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri Sambands Íslenskra sveitarfélaga eftir 18. ára farsælt starf. Karl Björnsson hefur tekið við starfinu. Óskum Karli Björnssyni velfarnaðar í starfi og þökkum jafnframt Þórði fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélaga.

8. Önnur mál

a) Samningar um beitarhólf

- i.* Jakob Víðir Kristjánsson kt. 010783-4029. Beitarhólf nr. K 10
- ii.* Hallur Hilmarsson kt. 030954-3519. Beitarhólf nr. K 4.
- iii.* Hjörtur K. Einarsson kt. 170743-3059. Beitarhólf nr. 197.

Samningarnir bornir upp og voru þeir samþykktir með 3 atkvæðum samhljóða. Bæjarstjóra falið að undirrita samninganna.

b) Erindi frá Hrafnhildi Marteinsdóttir ráðgjafa í málefnum fatlaðra dags. 4. september

Hreyfihamlaður nemandi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra óskar eftir helgarakstri á milli Blönduóss og Sauðárkróks. Bæjarstjóra falið að afgreiða málið í samstarfi við Félagsþjónustu A-Hún.

c) Golfklúbburinn ÓS

Jóhanna Jónasdóttir og Guðrún Ásgerður Jónsdóttir komu á fund bæjarráðs og fóru yfir rekstur Golfklúbbsins Óss á árinu 2008. Reksturinn hefur verið afar erfiður vegna hækkandi rekstrarkostnaðar. Félögum í klúbbnum hafa þó verið að fjölga. Gólfklúbburinn fer fram á styrk til að mæta rekstrartapi 2008.

Bæjarráð samþykkir að veita kr. 500.000 viðbótarstyrk á árinu 2008.

d) Mjólkusamlagið á Blönduósi

Liggur fyrir að Mjólkursamlagið á Blönduósi hætti starfsemi næstu áramót.

Bæjarráð harmar þá ákvörðun stjórnar Mjólkursamsölunnar ehf. að hætta rekstri starfsemi Mjólkurstöðvarinnar á Blönduósi um næstu áramót. Mjólkurstöðin er og hefur verið öflugur vinnustaður á staðnum síðan 1946. Með niðurlagningu hennar hverfi dýrmæt störf. Þjónusta við bændur mun skerðast. Lýst er mikilli óánægju með að ekki skuli hafa verið haft samband við sveitarstjórn um þessa ákvörðun.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:05

*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)
Zophonías Ari Lárusson(sign.)
Kári Kárason(sign.)*

Arnar Þór Sævarsson(sign.)

*Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson(sign.)*